

Ný lög um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar

Ágæti viðtakandi.

Nýlega tóku gildi lög um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002. Til þessa hafa notendur ekki þurft að sækja sérstaklega um að fá niðurgreiðslu. Þess í stað hafa dreifiveiturnar séð um að lækka raforkuverðið til þeirra sem eiga rétt á niðurgreiðslu og mun niðurgreiðslunni áfram komið til viðkomandi með þeim hætti.

En samkvæmt nýju lögunum þurfa hins vegar allir notendur sem vilja njóta niðurgreiðslu að sækja um það sérstaklega til Orkustofnunar sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Að öðrum kosti fellur niðurgreiðslan niður.

Aðeins eigendur íbúðarhúsnæðis geta sótt um niðurgreiðslur. Þó getur stjórn húsfélags sótt um niðurgreiðslu fyrir hönd allra íbúðareigenda í fjöleignarhúsi ef hitanotkun hvernar íbúðar er ekki sérmæld. Því þurfa leigjendur og aðrir viðskiptavinir orkuveitnanna sem ekki búa í eigin húsnæði að sjá til þess að eigandi viðkomandi íbúðar sæki um niðurgreiðslu.

Samkvæmt lögunum er raforka til hitunar niðurgreidd í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar íbúð sem ekki er á veitusvæði hitaveitu er hituð með raforku.
2. Þegar íbúð á veitusvæði hitaveitu er hituð með raforku enda sé kostnaður við tengingu við hitaveituna og vegna áætlaðra orkukaupa samanlagt fyrstu tíu árin eftir tengingu meiri en við niðurgreidda rafhitun.
3. Þegar íbúð sem hvorki er á veitusvæði hitaveitu né tengist raforkukerfi er hituð með olíu. Einnig íbúðir hitaðar með olíu sem tengjast einangruðu raforkukerfi þar sem meirihluti raforkuvinnslunnar er með eldsneyti.
4. Þegar íbúð er hituð með vatni frá kyntri hitaveitu og raforkunotkun veitunnar til hitunar vatns er meira en 10% af heildarorkuöflun veitunnar.

Í stórum dráttum má segja að sömu aðilar og áttu rétt á niðurgreiðslu áður eigi þennan rétt áfram samkvæmt nýju lögunum. Nýmæli er þó að hitun með olíu verður niðurgreidd þar sem ekki er um aðra kosti að ræða. Einnig verður raforka frá smávirkjunum og raforka á varmadælur niðurgreidd að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru hér fyrir ofan. Eins og áður verður kostnaður við hitun kirkna og bænahúsa trúfélaga greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða. Hægt er að kynna sér nánar ákvæði niðurgreiðslulaganna á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/stjt/2002.078.html>.

Eigendum íbúðarhúsnæðis gefst kostur á að sækja um niðurgreiðslu með eftirtöldum leiðum:

1. Fylla út umsóknina á Netinu og senda rafrænt til Orkustofnunar, www.os.is/nidurgreidslur
Umsækjendur eru eindregið hvattir til að notfæra sér þennan kost, sem auðveldar mjög umfjöllun umsóknarinnar. Umsækjendur geta jafnframt fylgst með afgreiðslu umsóknarinnar á Netinu.
2. Fylla út meðfylgjandi eyðublað og senda til Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík.

Frestur til að senda inn umsókn um niðurgreiðslu rennur út **8. ágúst 2002** og væntir Orkustofnun þess að þeir íbúðareigendur sem málið varðar bregðist skjótt við. Sérstaklega eru þeir sem nú njóta niðurgreiðslna hvattir til að sækja um sem fyrst þar sem þær falla að öðrum kosti niður frá og með **8. nóvember 2002**.

Orkustofnun veitir fúslega nánari upplýsingar um niðurgreiðslulögin og aðstoðar íbúðareigendur við umsóknina eins og kostur er. Hægt er hringja í síma **569 6000** eða senda tölvupóst á netfangið nidurgreidslur@os.is.

Með von um jákvæð viðbrögð og góða samvinnu.

Virðingarfyllt,
Þorkell Helgason, orkumálastjóri